

GEFJUN

Sýningarskrá

Vefnaðarsýning

Gluggatjöld, áklæði, værðarvoðir

Kjarvalsstaðir 11.-26. sept. 1982

GEFJUN/epal

ÍSLAND áklæðið er eitt þekktasta áklæðið, sem Gefjun og Kvadrat hafa unnið að saman. Einnig voru hönnuð gluggatjöld og værdarvoðir í samræmi við litróf áklæðisins. Gluggatjöldin, sem bera nafnið GEYSIR, og værdarvoðirnar, hafa notið ört vaxandi vinsælda. 100% ull.

Hönnuður: Erik Ole Jørgensen.

ÍSLAND POINT og VIGDÍS eru ný áklæði, sem unnin eru úr sama litrófi og Ísland áklæðið, en með annarri áferð. 100% ull.

Hönnuður: Erik Ole Jørgensen.

HEINA eru gluggatjöld, sem einnig eru bundin grunnlitum ofangreindra áklæða. 100% ull.

Hönnuður: Erik Ole Jørgensen.

MIKLA áklæðið kemur næst Ísland áklæðinu að vinsældum. Það er þó mun grófara, en er engu að síður mjúkt viðkomu og áferðarfallett. 100% ull.

Hönnuður: Bernt.

NJÁLL er nýlegt áklæði, sem fáir þekkja þó enn hér á landi, en hefur verið tekið mjög vel af viðskiptavinum okkar erlendis. Það er ofið í sömu litum og Mikla, en áferðin er önnur. 100% ull.

Hönnuður: Bernt.

SAGA er eitt elsta áklæði Gefjunar, en er þó enn mjög vinsælt hérlendis. 100% ull.

Hönnuður: Laszlo Echardt.

KOALA og RANDA áklæðin hefur Gefjun framleitt sérstaklega fyrir Pétur Snæland. 100% ull.

Hönnuður: Gunnar Snæland.

ELDRI HÖNNUN af áklæðum er sýnd hérna til að sýna þá þróun sem orðið hefur á áklæðum hér seinustu ár. Hér er um að ræða satinofin áklæði, en stefna Gefjunar er nú að leggja áherslu á alullaráklæðin.

FATAEFNIÐ SAGA er dæmi um eina frum tilraun Gefjunar til að hasla sér völl á þessu sviði. Þessi hönnun er löguð að ákveðnum markaði. 100% ull.

Hönnuður: Basil Moore.

BORÐDÚKAEFNI framleiðir Gefjun mikið af. Þau eru lituð samkvæmt ósk viðskiptavinarins.

Auk þess að framleiða VÆRÐARVOÐIR í samræmdum litum við áklæði og gluggatjöld, framleiðir Gefjun værdarvoðir einar sér. Hér er um allmikið úrval að ræða og er úrtak af því hér á sýningunni.

Rekja má sögu Gefjunar til ársins 1897, en þá voru fyrstu vélar Tóvinnufélags Eyfirðinga settar í gang. Tóvinnufélagið var stofnað af nokkrum áhugamönnum um framfaramál á Akureyri. Tilgangur félagsins var að létta undir ullariðnaði heimilanna, sem þá var veigamikill þáttur í íslensku þjóðlífi.

Í byrjun voru verkefni verksmiðjunnar eingöngu kembang og spúni, en vefnaðarframleiðsla hófst árið 1908.

Árið 1930 keypti Samband íslenskra samvinnufélaga verksmiðjuna, sem nú er rekin sem hluti ullarsviðs iðnaðardeildar Sambandsins.

Samvinna Gefjunar og Epals h/f byrjaði árið 1976, þegar samstarf Gefjunar og Kvadrat a/s í Danmörku hófst. Kvadrat, er eitt þekktasta fyrirtæki á norðurlöndum sem selur áklæði og gluggatjöld. Epal hefur haft einkaumboð fyrir Kvadrat hér á landi frá upphafi. Kvadrat hefur lagt metnað sinn í að bjóða viðskiptavinum sínum vel hannaðar vörur og hefur fengið ýmis verðlaun fyrir. Nú seinast á húsgagnasýningunni í sýningarhöllinni Bella Center í Kaupmannahöfn í maí á þessu ári.

Samstarf Kvadrats og Gefjunar byggist á samvinnu um að þróa og markaðssetja vörur, sem Kvadrat hagnar, en Gefjun framleiðir. Árangurinn af þessu samstarfi er hluti af þessari sýningu, en auk þess eru hér sýndar vörur, sem Gefjun hefur sjálf fengið innlenda og erlenda hönnuði til að hanna. Þáttur Epals er hins vegar fyrst og fremst fólgin í því að kynna og selja þann hluta framleiðslu Gefjunar, sem hannaður er af Kvadrat.

hannaðarsýning

gluggatjöld, áklæði, verðlaun

staðir 11.-26. sep.

